

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Jarðhitadeild
GREINASAFN

UMSÖGN UM RANNSÓKNIR Í SVARTESENGI

OS JHD 18

Júlí 1974

Sem kunnugt er miðaði Orkustofnun að því að veita Samstarfs-nefnd Sveitarfélaga Suðurnesja umsögn um niðurstöður rannsóknna sinna á jarðhitasvæðinu í Svartsengi að því er varðar Varmaveitu Suðurnesja fyrir 1. ígúst 1974. Nú er rannsóknunum að mestu lokið og sýnt hverjar niðurstöðurnar verða. Þykir því rétt að veita bréflega umsögn nú en biða ekki eftir lokaskýrslu um þessar rannsóknir, þar sem frágangur slíkrar skýrslu tekur nokkurn tíma.

Rannsóknunum má skipta í þrjá þætti eða:

- 1) Varmaskiptatilraunir
- 2) Rannsóknarboranir
- 3) Öflun kalds vatns fyrir varmaskiptastöðina.

Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til upphitunar á fersku vatni. Bein blöndun gufu við ferska vatnið gefur neyslu-hæft heitt vatn. Með þessari aðferð nýtist varmi úr vatni og gufu í borholum niður í $40-50^{\circ}\text{C}$. Aðferðin miðast við upphitun á fersku vatni í $110-120^{\circ}\text{C}$ og afloftun með suðu í 100°C . Mun Orkustofnun mæla með þessari varmaskiptaaðferð í lokaskýrslu. Tæki fyrir þessa aðferð eru hlutfallslega ódýr miðað við aðrar aðferðir upphitunar, en þó skal bent á, að ekki hafa verið gerðar neinar áætlanir um stofnkostnað mannvirkjanna. Tilraunastöðin í Svartsengi var fyrt og fremst byggð með það fyrir augum að prófa varmaskiptaaðferðir, en engu að síður hefur aflast reynsla, sem gagnleg er fyrir hönnun endanlegrar stöðvar. Orkustofnun vill benda á það, að sú varmaskiptastöð sem hér um ræðir, er ekki til á Íslandi né annars staðar að því best er vit. Flestöll tæki, sem varmaskiptastöðin samanstendur af eru þó algeng verksmiðjutæki erlendis. Samt er ástæða til þess að gera ráð fyrir umfangsmiklu eftirliti og stjórnkerfi slíkrar stöðvar í upphafi meðan nauðsynlegrar rekstrarreynslu er aflað.

hitasvæðisins til þess að kanna áhrif þess í efnainnihald kalda grunnvatnsins. Greypni hraunlaganna umhverfis þá holu er slík, að ef holan væri nógu við fyrir stóra dælu þá mætti fá úr henni 80 l/sek, ef vatnsborðið er dregið niður um 1 m með dælingu. Ekki er talið skynsamlegt að draga vatnsborð lengra niður með dælingu, þar sem sjór liggur allstaðar undir ferska vatninu á vestanverðum Reykjanesskaga. Of mikill niðurdráttur gæti leitt til þess, að sjór kæmi inn í holurnar. Þeim kaldavatnsrannsóknum, sem er lokið, mun beint að því að finna út æskilega fjarlægð milli ynnsluhola svo og hönnun þeirra. Þess má geta, að fyrrnefnda kaldavatnsholu mætti nota í varmaskiptastöð handa Grindavík.

Af niðurstöðum rannsókna sinna telur Orkustofnun, að jarðhitasvæðið í Svartsengi muni gefa nægilegt varmamagn fyrir þá 45 MW varmaskiptastöð, sem gert var ráð fyrir í 1. áfanga og að bein blöndun gufu við kalt vatn gefi neysluhæft heitt vatn. Þer 4 holur, sem nú hafa verið boraðar í svæðið, duga, a.m.k. fyrst um sinn fyrir 45 MW varmaskiptastöð. Orkustofnun mælir með því, að hafist verði sem allra fyrst handa um alla framkvæmd við byggingu varmaskiptastöðvar og önnur mannvirki, er varða hitaveiturnar. Vonast Orkustofnun eftir náinni samvinnu við öll viðkomandi sveitarfélög við undirbúning varmaveitunnar.